

ÓLAFUR JÓHANNESSON, *professor:*



## PRENTFRELSI OG NAFNLEYND



### Osta-og smjörsalan

Eg ætla hér á eftir að ræða um nokkur atriði, er varða prentfrelsi og nafnleyndarrétt höfunda, og þá fyrist og fremst blaðamanna og heimildarmanna þeirra. Fljótt á litið kann einhverjum að virðast, að þar sé óskyldum eða a. m. k. fjarskyldum réttaratriðum blandað saman. En ef að er gáð, er auðsætt, að þessi efni — prentfrelsi og nafnleynd — eru á ýmsan hátt náttengd og samslungin. Þannig er það augljóst mál, að án prentfrelsис getur ekki verið um neina nafnleynd að ræða. Prentfrelsi er því forsenda nafnleyndar. Og þó að nafnleyndarréttur sé að vísu ekki óhjákvæmileg lögfylgja prentfrelsис, er slíkur réttur samt óneitanlega talsverður þáttur í raunverulegu prentfrelsi a. m. k. að því er til blaðanna tekur. Ábyrgðarreglur vegna prentaðs móls standa og í nánu sambandi við nafnleyndarrétt. Þess vegna getur verið gagnlegt að skoða þetta tvennt i nokkru samhengi, en vitaskuld er það viðfangsefni fjölpættara en svo, að það verði allt rakið til nokkurrar hlítar í stuttri tímartsrein. Hér verður því aðeins um brotakennit yfirlit að ræða, nánast stiklað á staksteinum.

Prentfrelsi er ein mikilvægasta grein málfrelsис. Það er ekki aðeins dýrmætt fyrir hvern einstakling, heldur er það einnig ásamt öðrum stjórnarskrávernduðum pólitískum réttindum, eins og t. d. almennum kosningarrétti, fundafrelsi og félagafrelsi, nauðsynleg forsenda lýðræðislegra stjórnarháttta. Á það ekki hvað sízt við um hið svokallaða „pressufrelsi“, þ. e. ritfrelsi blaðamanna og fréttaritara. Sé prentfrelsi á því sviði takmarkað er lýðræðið í hættu. Prentfrelsi má því með réttu kallast einn af hyrningarsteinum stjórnfríjsra þjóðfélaga. Það er þó fyrist á tveim sföstu oldum, að það hefur náð almennri viðurkenningu. Og í einræðisrikjum, hverju nafni sem nefnast, er ekki um óheft prentfrelsi að ræða.

Þegar prentöld hófst, kom nýr tjáningaráttur til sögu. Þá opnaðist ný og

áður ópekk leið til fréttalutnings, upplýsinga og áróðurs. Með hinu prentaða orði var fengið þýðingarmikið tæki til áhrifa á skoðanamyndun almennings. Prent var öldum saman langsamlega áhrifamesta fjölmöglunin. Það gat verið biturt vopn í hendi umbótamanna og frelishreyfinga. Valdhöfum þeirra tíma stóð af því stuggur. Þess var naumast að vænta, að þeir þyrðu að gefa slikri fjölmöglun algerlega lausan tauminn. Er skemmt af því að segja, að hið drottndandi vald, bæði hið kirkjulega og hið veraldlega, tók þegar að hefta prentfrelsi með ýmsum hætti, einkanlega þó með ritskoðun eða einkaleyfum til útgáfu eða prentunar. Verður sú saga eigi rakin hér.

Gagn þessari skoðanakúgun og prentunareinokun risu öll frjálslynd öfl og hófu hvarvetna baráttu fyrir prentfrelsi og afnámi ritskoðunar. Sú baráttabar að lokum tilætlaðan árangur. Með frónsku stjórnarbyltingunni 1789 urðu þáttaskil í þessum efnum sem fleiri. Var hin nýja stefna mörkuð í 11. gr. frónsku mannréttindayfirlýsingarinnar. Þar segir: „Frelsi til að láta í ljós hugsanir og skoðanir er meðal dýrmætustu réttinda mansins; hver borgari má því tala, rita og prenta það, sem hann vill, en verður þó að bera ábyrgð á misnotkun þessa frelsis, eftir því sem lög mæla.“ Þetta ákvæði varð síðan beint eða óbeint fyrirmund sérstaks prentfrelsissákvæðis í stjórnarskránum lýðræðisríkja og þingstjórnarlanda, a. m. k. í Evrópu. Síð ákvæði eru t. d. í stjórnarskránum allra Norðurlandanna. Er rétt að birta þau ákvæði hér til fróðleiks og samanburðar.

86. gr. sánsku stjórnarskráinnar frá 6. júní 1809 hljóðar nú svo:

„Med tryckfrihet förstäs varje svensk mans rättighet att, utan några av den offentliga makten i förväg lagda hinder, utgiva skrifter, att sederméra endast inför laglig domstol kunna tiltalas för deras innehåll, och att icke i annat fall kunna därfor straffas, än om detta innehåll strider mot tydlig lag, given att bevara allmännt lugn, utan att återhålla allmän upplysning. Alla allmänna handlingar må ovilkärligen genom trycket kunna utgivas, där ej i tryckfrihetsförordningen annorlunda stadgas.“

Í finnsku stjórnarskránni frá 17. júlí 1919 fjällar 10. gr. um prentfrelsi, og er hún svohljóðandi:

„Finsk medborgare äger ordets frihet samt rättighet att genom tryck utgiva skrift eller bildlig framställning utan att hinder härför i förväg må läggas, så och rätt att utan föregående tilstånd sammankomma för överläggning i allmän angelägenhet eller i annat lovligt syfte samt att bilda föreningar för fullföljande av ändamål, som ej strida mot lag eller god sed.“

Stadganden angående dessa rättigheters utövning utfärdas genom lag.“

Eins og ákvæði þetta ber með sér, er þar auk prentfrelsinsins fjallað um funda- og félagafrelsi.

100. gr. norsku stjórnarskráinnar frá 17. maí 1814 er á þessa leið:

„Trykkefrihed bör finde sted. Ingen kan straffes for noget Skrift, af

hvað Indhold det end maatte være, som han har ladet trykke eller udgive, medmindre han forsætliger og aabenbare har enten selv vist, eller tilskyndet andre til, Ulydighed mod lovene, Ringeagt mod Religionen. Sædelighed eller de konstitutionelle Magter, Modstand mod disse Befalinger, eller fremfört falske og ærekrenkende Beskyldninger mod Nogen. Frimodige Ytringer om Statsstyrelsen og hvilkensomhelst anden Gjenstand ere Enhver tilladte.“

Í dönsku stjórnarskránni frá 5. júní 1953 er svohljóðandi ákvæði í 77. gr.:

„Enhver er berettiget til på tryk, i skrift og tale at offentliggøre sine tanker, dog under ansvar for domstolene. Cencur og andre forebyggende forholdsregler kan ikke nogensinde påny indføres.“

Í íslensku stjórnarskránni er og hefur frá öndverðu verið sérstakt ákvæði um prentfrelsi. Það nú 72. gr. Er hún svohljóðandi:

„Hver maður á rétt að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Ákvæði þetta hefur staðið óbreytt í stjórnarskránni allt frá 1874, nema hvað orðum hefur verið ofurlitið við í niðurlaginu, en sú orðalagsbreyting skiptir engu máli. Er ákvæðið, eins og augljóst er af samanburði, sniðið eftir prentfrelsisgrein dönsku stjórnarskráinnar, og er raunar orðrétt þýðing á 86. gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1866, að því þó fráskildu, að í danska ákvæðinu var og er talað um, að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi megi aldrei *aftur* í lög leiða. Á sá orðalagsmunur eflaust rætur sínar í mismunandi réttarástandi. Hér á landi mun ritskoðunar í eiginlegum skilningi aldrei hafa gætt, að neinu ráði.

Hér skal eigi farið út í ýtarlega skýringu á 72. gr. stjórnarskráinnar. Má um það efni vísa til stjórnskipunarréttar sbr. Stjórnskipun Íslands bls. 469-79. Það er ljóst, að 72. gr. veitir prentfrelsinu þýðingarmikla en enganveginn fullkomna vernd. 72. gr. lýtur fyrst og fremst að hinni formlegu hlið prentfrelsins, ef svo má segja. Hún tryggir mönnum birtingarrétt án tillits til efnis. Hún bannar ritskoðun og aðrar hliðstæðar fyrifarandi tálmanir gegn birtingu. Hins vegar segir hún ekki um það, hvað efnislega sé leyfilegt og ósaknæmt að birta á prenti. Hún gengur þó út frá því, sem eðlilegt er, að menn geti ekki sér að vítalausu birt hvað eina á prenti. Það liggar t. d. í augum uppi, að ærumiðingar, sem annars eru refsiverðar, geta ekki verið ósaknæmar en ella, þó að þær séu birtar á prenti, heldur þvert á móti. Menn eiga sér ekki að ósekju að geta hvatt á prenti til glæpaverka. Orð og ummæli, sem annars eru refsiverð, hljóta eigi síður að varða refsingu, ef þau eru birt á prenti. Þau eru einmitt þannig birt varhugaverðari og alvarlegri brot en ella. Þannig mætti lengi telja. 72. gr. segir það líka berum orðum, að menn verði að ábyrgjast prentaðar ritsmiðar sínar eftir á fyrir dómi. Á hinn böginn segir hún ekki frekar um ábyrgð þessa, þ. e. a. s. hún ákvæður ekki nánar hin efnislegu takmörk prentfelsinsins. Ákvörðun um það efni eftirlætur hún al-

menna löggjafanum, því að dómendur eiga að fara eftir lögnum, sbr. 61. gr. stjskr.

Það verður því hlutverk löggjafans að ákveða hin efnislegu skilyrði fyrir ábyrgð á prentuðu máli og hvaða viðurlögum skuli varða, ef gengið er lengra en leyfilegt er. Í þessu efni eru þó löggjafanum settar nokkrar skorður, bæði af 72. gr. og öðrum stjórnarskrárvæðum. Löggjafinn má t. d. ekki lögbjóða ritskoðun sem refsingu. Hann má ekki haga reglum sínum um ábyrgðina svo, að með þeim séu fyrifarandi tálmanir, á borð við rit-skoðun, lagðar í veg fyrir birtingu. Löggjafann brestur vald til að leggja refsingu við ummælum, hvort heldur er á prenti eða annars staðar, sem stjórnarskrárgjafinn hefur sérstaklega helgað eða heimilað, sbr. t. d. 63. gr. stjskr. um rétt manna til að þjóna guði með þeim hætti sem bezt á við sannfæringu hvers og eins. Það mundi og ósamþýðanlegt stjórnarskránni að leggja refsingu við stjórnmálaumræðum og pólitískri gagnrýni. Það leiðir einnig af 14. gr. stjskr., er segir, að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, að óheimilt mundi að banna að viðlagðri refsingu að gagnrýna gerðir ráðherra opinberlega. Löggjafi og dómtólar verða einnig að mínum dómi jafnan að hafa í huga það grundvallar sjónarmið, sem býr að baki 72. gr., að tryggja mönnum skoðanafrelsi og tjáningarrétt með tilteknum hætti. Slikt hlýtur að koma til greina við lögskýringu.

Sú spurning getur því stundum risið, hversu langt löggjafinn megi ganga, án þess að höggið sé of nærrí 72. gr. eða öðrum stjórnarskrárvæðum. Má í því sambandi nefna l. 127/1941 og dóminn í svokölluðu Hrafnkötumáli, sbr. Hrd. XIV. bls. 237 svo sératkvæðið í Hrd. XXI bls. 335. Vafamál er, hversu langt löggjafinn mætti ganga í því að leggja sérskatta á blaða- og bókaútgáfu t. d. með því að skylda útgefendur til ókeypis afhendingu tiltekins eintaka fjölda, sbr. l. 11/1949. Spurning gæti verið um verðlagsákvæði, t. d. hvort setja mætti hámarksverð á bækur eða blöð. Hér á landi hefur slik framleiðsla verið háð verðlagsákvæðum. Skal hér enginn dómur lagður á lög-mæti þess. Það fengi væntanlega ekki staðizt, að ríkið tæki allan prentsmiðjur-rekstur í sínar hendur eða veitti einum aðila einkaleyfi til prentunar.

Hér má og til athugunar benda á ráðuneytisbréf frá 1. okt. 1930 um stjórn og aga í skólam landsins. Þar stóð m. a.: „Nemendur mega eigi hafa nokkur afskipti af stjórnámum út á við, hvorki í ræðu né riti, né taka þátt í deilum um hagsmunabaráttu félaga eða stéttu í landinu meðan þeir eru nemendur í skólanum.“ Prátt fyrir þær sérreglur, um nemendur, sem leiða af agavaldi skólayfirvalda, er vafasamt, hvort slik fyrirmæli ráðuneytis verða samþydd stjórnarskránni, m. a. 72. gr. Verður þó líklega um það deilt. Pessi fyrirmæli voru felld úr gildi 1945, sbr. bréf menntamálaráðuneytisins til skólameistarans á Akureyri frá 26. febrúar 1945, birt í B deild Stjórnar-tíðinda 1945, bls. 19.

En hvernig svo sem menn vilja nánar túlka 72. gr. og önnur stjórnarskrárvæði, sem óbeint varða þetta efni og setja löggjafanum skorður,

er allt að einu ljóst, að almenni löggjafinn hefur að mörgu leyti frjálsar hendur um það, hvernig hann ákveður efnisleg mörk prentfrelsins og ábyrgðarreglur vegna prentuðu máls og þar með hvernig prentréttarlöggjöf-in er að öðru leyti úr garði gerð. Sums staðar eru hendur hans bundnari í því efni, m. a. þekkist það, að prentréttarlöggjöf njóti sömu verndar og stjórnarskrárvæði, sbr. t. d. tryckfrihetsförordningen í Svíþjóð. Hér er niðurstaðan sú, að þrátt fyrir prentfrelsisvernd stjórnarskrárinna, sem að vísu er mikilsverð, þá er það mjög undir hinni almennu löggjöf komið, og þá fyrst og fremst prentlögum og meiðyrðalöggjöf, hvort og að hve miklu leyti hægt er að tala um raunverulegt skoðana- og prentfrelsi, og hvern sess það skipar í þjóðlifinu í reyndinni.

Hér er sérstök ástæða til að athuga, hvort af 72. gr. stjskr. verði leiddar nokkrar reglur um nafnbirtingu höfundar eða nafnleyndarrétt, þ. e. hvort hendur löggjafans séu að einhverju leyti bundnar í því efni. Þar gæti hugsanlega tvennt komið til álita. Annars vegar gæti verið spurning um það, hvort skilorðslaus kröfu um nafngreiningu höfundar hverju sinni ætti að telja fyrifarandi tálmun, sem í 72. gr. stjskr. er bannað að lögleiða. Ef þannig væri litið á, væri almenna löggjafanum óheimilt að lögbjóða það, að höfundar skyldu nafngreindir. Þá ættu höfundar stjórnarskrárvarinna nafn-leyndarrétt. Hins vegar mætti e. t. v. segja sem svo, að þar sem það sé áskilið, að maður ábyrgist prentaðar ritsmíðar eftir á fyrir dómi, þá liggi í því það, að höfundur verði jafnan að láta nafns getið. Það sé blátt áfram skilyrði fyrir því, að ábyrgð verði komið fram. Þá væru hendur löggjafans að því leyti bundnar, að hann mætti ekki heimila nafnleynd.

Hinn síðarnefndi skilningur er í sjálfu sér alls ekki fjarri lagi eftir orðanna hljóðan. Virðist og eðlilegast, að höfundur beri sjálfur ábyrgð orða sinna. Eigi að sfordur er það löngu viðurkennt í réttarframkvæmd og af fræði-mönnum, bæði hér á landi og erlendis, þar sem hliðstætt ákvæði er, að þannig beri ekki að skýra prentfrelsisgrein stjskr. Í orðum prentfrelsisákvæðisins um ábyrgðina felst ekkert stjórnarskráboð um það, að höfundur skuli jafnan nafngreindur. Pessi hefðbundni skilningur verður ekki virtur að vett-ugi. Samkvæmt stjórnarskránni hvílir því engin skylda á almenna löggjafanum til að ákveða það, að höfundur að prentuðu máli skuli jafnan láta nafns síns getið.

En þá er hin spurningin, hvort löggjafanum sé óheimilt að ákveða, að höfundur skuli jafnan greina nafn sitt, eða á höfundur stjórnarskrárvarinna rétt til að leyna nafni sín, ef hann kys. Með öðrum orðum felst nafnleyndarréttur fyrir höfunda í prentfrelsisvernd stjórnarskrárinna, þannig að þeir megi jafnan, og án þess að almenni löggjafinn geti reist þar skorður við, birta ritsmíðar sínar undir dulnefni eða nafnlausar, ef þeir af einhverjum ástæðum vilja ekki gefa sig til kynna? Slík spurning kann í fljótu bragði að virðast fremur óraunhæf hugarþraut, þar eð höfundar þykjast oftast góðir af verkum sínum, vilja verða þekktir og ætla að vinna sér frægð og stundum

jafnvel fé með ritverkum sínum. Þess vegna má segja, að almennt sé engin skynsamleg ástæða til, að þeir vilji dyljast, eða að nafnbirtingin sé þeim nokkur þróskuldur í vegin. Þetta á vafalaust oftast við um bókarhöfunda en engan veginn þó alltaf. Stundum kjósa þeir af einhverjum ástæðum að rita undir dulnefni, og eru þess mörg dæmi, eins og alkunna er. Og þegar um er að ræða „pressuna“, blaðamenn og heimildarmenn þeirra, er altítt, bæði hér á landi og erlendis, að þeir skrifi-nafnlaust eða undir dulnefni og telji sig eiga rétt til nafnleyndar. Á þeim vettvangi er hér um raunhæft réttaratriði að ræða. Spurningin er, hvort þar sé um lagalegan rétt að tefla, og ef svo er, hvort hann eigi sér heimild í sjálfri stjórnarskránni eða byggist aðeins á venjulegum lögum. Er hægt að telja fortakslausa fyrirkipun um nafnbirtingu fyrifarandi tálmuð á borð við ritskoðun? Þeirri spurningu verður að svara neitandi. 72. gr. er ekki og hefur aldrei verið skýrð þannig, að hún tryggði höfundum prentaðs máls neinn nafnleyndarrétt. Þrátt fyrir prentfrelsisvernd stjórnarskrárinna getur almenni löggjafinn ákvæðið, að höfundar skuli láta nafns síns getið við prentaðar ritsmíðar sínar. Niðurstaðan er því sú, að af 72. gr. stjskr. verða ekki leiddar neinar reglur, hvorki um nafnþingu eða nafnleyndarrétt. Á það jafnt við um blaðamenn sem aðra. Nafnleyndarréttur blaðamanna og annarra höfunda er því algerlega undir almennri löggjöf landsins kominn. Löggjafinn hefur um það efni frjálsar hendur, án þess að vera þar bundinn til eins eða neins af stjórnarskrárgjafanum.

Áður en horfið er að því að gera grein fyrir ábyrgðarreglum og viðhorfi almenna löggjafans til nafnleyndar, er rétt að leggja nokkra lykkju á leiðina og víkja að því, hvort Ísland kunni að hafa gengizi undir einhverjar skuldbindingar í alþjóðasamþykktum eða milliríkjasamningum, að því er nafnleyndarrétt varðar, þ. e. hvort það hafi skuldbundið sig til að haga löggjöf sinni um það efni með tilteknum hætti.

Þar verður fyrst fyrir mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948. 19. gr. hennar fjallar um skoðana- og tjáningafrelsi. Þar er því lýst yfir, að hver maður hafi frelsi til að leita eftir, veita viðtökum og miðla upplýsingum og hugsunum með atbeina hvers konar fjölmilunartækja og án tillits til landamæra. Hér virðist ekki sérstaklega vikið að nafnleyndarrétti. Er og þess að gæta, að mannréttindaskráin er ekki fremur en aðrar samþykktir Allsherjarþingsins lagalega skuldbindandi fyrir bandalagsríkin. Hitt er annað mál, að bandalagsþjóðirnar geta verið síðferðilega bundnar af slíkum samþykktum, og geta þær þannig haft mikil áhrif á almenningsálit og réttarskipan aðildarrikjanna. En mannréttindaskráin virðist sem sagt ekki skipta málum um það efni, sem hér er sérstaklega um að ræða.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Mannréttindasamþykkt S. P. frá 1966 er hins vegar, eftir að hún er gengin í gildi, lagalega bindandi fyrir þau ríki, sem hana hafa fullgilt á tilskilinn hátt. Ísland hefur enn eigi fullgilt hana, svo að hún kemur hér eigi til skoðunar. Sáttmáli þessi mun eigi enn hafa öðlast gildi.

Næst verður fyrir mannréttindasáttmáli Evrópu, eða samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsins, sbr. augl. nr. 11/1954. Hann er annars eðlis en mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna, því að hann er bindandi milliríkjjasamningur, sem Ísland hefur fullgilt. Auk þess hefur Ísland viðurkennt lögsgötu Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. augl. nr. 58/1958. Þessum samningi er því sérstakur gaumur gefandi í þessu sambandi. Í 10. gr. samningsins segir svo:

„1. Hver maður á rétt til að láta í ljós álit sitt. Í rétti þessum felst frelsi til að ráða skoðunum sínum, fá og miðla vitnesku og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skal ríki heimilt að krefjast þess, að útværps-, sjónvarps- og kvíkmyndafyrirtæki séu eigi rekin nema samkvæmt sérstöku leyfi. — 2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldu og ábyrgð, er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum og viðurlögum, sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings og ríkis eða landvarna, til að komið sé í veg fyrir óspektir eða glæpi, til að vernda heilbrigði eða siðgæði, mannorð eða réttindi-annarra, til að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til að tryggja vald og óhlutdrægni dómkóða.“

Ljóst er, að með ákvæði þessu er tjáningarfrelsíð, þ. a. m. prentfrelsíð, staðfest og verndað. Hins vegar verður ekki séð, að ákvæði þetta varði nafnleyndarréttinn. Það gerir einmitt ráð fyrir, að ábyrgðarreglurnar fari að hlutadeigandi landslögum.

Árið 1947 gerðist Ísland aðili að hinu svokallaða Bernarsambandi, þ. e. að sáttmálanum um vernd bókmennata og listaverka, sem gerður var í Bern árið 1886, en síðan hefur verið endurskoðaður alloft og aukinn, sbr. 1. 74/1947 og augl. nr. 110/1947. Í þessum sáttmála eru greindar þær lágmarkskröfur, sem aðildarríkin verða að fullnægja, að því er varðar höfundarrétt á bókmennntum og listaverkum, og ákvæðið í hverju verndin skuli vera fógin. Að sjálfssögðu er hverju landi heimilt að veita höfundi betri rétt en sáttmálinn segir til um. Hér er eigi ástæða til að rekja efni þessa sáttmála, nema að því leyti, sem hann geymir ákvæði um tilgreiningu nafns höfundar. Að því lýtur 15. gr. sáttmálans. Er hún svohljóðandi:

„1. Til þess að höfundar þeirra verka, sem verndar njóta samkvæmt sáttmála þessum, skuli teljast slíkir, unz annað sannast, og eiga samkvæmt því aðgang að dómkóðum sambandslandanna til málssóknar gegn óleyfilegum afnotum, nægir það, að nafn þeirra sé tiltekið á venjulegan hátt á verkinu.

2. Sé um nafnlaust verk að ræða eða verk undir dulnefni, veitir nafn útgefanda á því honum heimild til að gæta viðurkenndra hagsmunu höfundar. Þarf eigi frekari sannana við um það, að hann sé réttthafi fyrir hönd nafnlauss höfundar eða höfundar með dulnefni.“

Ákvæði þetta ber með sér, að samkvæmt sáttmálanum er það ekki skilyrði fyrir höfundarréttarvernd, að höfundur hafi nafngreint sig á riti. Höfundur nafnlauss rits og höfundur, sem notað hefur dulnefni, nýtur verndar. Verð-

ur að ætla, að löggjöf sambandslandanna beri að haga í samræmi við það og að þau megi ekki binda vernd höfundarréttar því skilyrði, að höfundur hafi nafngreint sig. Þar með er ekki sagt, hversu langt leyndarréttur höfundar nær. Getur almenni löggjafinn líklega án tillits til þeirra hagað reglum um ábyrgð á prentuðu máli og um upplýsingaskyldu í dómsmálum — vitnaskyldu — að vild sinni.

Í þessu sambandi má og nefna hinn svonefnda Genfarsáttmála um höfundarrétt frá árinu 1952, en að honum gerðist Ísland aðili 1956, sbr. augl. nr. 82/1956. Sá samningur virðist þó ekki skipta sérstöku máli um þá spurningu, sem hér er til athugunar. Þó má geta þess, að samkvæmt Genfarsáttmálanum hafa aðildarríkin rétt til að gera verndina háða formskilyrðum, þar á meðal opinberri skráningu, sbr. nánar III. gr. samningsins.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki séð, að Ísland hafi með milliríkjasamningum tekið á sig skuldbindingar til að haga löggjöf sinni á einn eða annan hátt með tilliti til nafnbirtingar eða nafnleyndarréttar höfundar, nema að því leyti, er sagt var um Bernarsáttmálann.

Eins og áður er sagt, fer það eftir því, sem ákveðið er í almennum lögum, hvort þeim, sem í blöð rita, er veittur réttur til nafnleyndar. Verður hér á eftir vikið að helztu lagaákvæðum, er það mál varða. Áður en þau fyrirmæli eru könnuð, er þó rétt að drepa aðeins á þau almennu sjónarmið, sem til greina koma varðandi nafnleyndarrétt, og þá eikanlega með tilliti til blaðamanna og heimildarmanna þeirra.

Í fljóti bragði mætti ætla, að blaðamönnum væri ekki mikil þörf á nafnleyndarrétti í lýðfrjálsu landi, eða að slíkur réttur gæti a. m. k. ekki verið þeim mikilsvirði þar. Ennfremur mætti segja sem svo, að blaðamenn væru þar, jafnt og aðrir, ekki ofgöðir til að standa fyrir skoðunum sínum og birta þær undir nafni. En ef betur er að gáð, verður nafnleyndarréttur ekki afskrifaður umsvifalaust á þennan hátt. Í lýðræðislandi er ýmiskonar aðstöðumunur. Menn geta verið þar í minnihlutaaðstöðu; menn geta verið öðrum háðir á ýmsan hátt; menn vilja ekki koma fram á opinberum vettvangi og blanda sér þar í deilur o. s. frv. Samt sem áður geta þeir menn, sem þannig er ástatt um, haft vitneskju eða upplýsingar, sem eiga erindi til almennings og æskilegt er að birtist í blöðum. Blöð gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðislandi. Þau eiga að vera frjálsir fréttamiðlar, halda uppi gagnrýni á því, sem miður fer í þjóðfélaginu, og veita stjórnvöldum og öðrum forráðamönnum að-hald. Góð blöð eiga að leita sannleikans og segja hann, þegar við á, hver sem í hlut á. Fyrir greinarhöfunda í dagblöðum og heimildarmenn blaðamanna getur því nafnleyndarréttur haft sitt að segja. Hann getur meira að segja verið forsenda fyrir því, að blöðin geti rækt hlutverk sitt til fullnustu. Ef hann væri ekki fyrir hendi, fengju blaðamenn stundum alls ekki þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar, eða þær gagnrýnisgreinar, sem erindi eiga á prent. Segja má, að þessar röksemadir eigi öllu fremur við um þá, sem senda blöðum greinar og heimildarmenn blaðamanna heldur en blaðamenn-

ina sjálfa. En fyrir blaðamenn getur verið mikils virði að hafa rétt til að neita að segja til heimildarmanna sinna. Þess vegna eru margir, sem segja, — að vísu ekki hvað sízt blaðamenn, — að nafnleyndarréttur a. m. k. að vissu marki sé nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að prentfrelsi fái notið sín til fulls.

Hitt er svo óumdeilanlegt, að nafnleynd í blöðum hefur sínar skuggahliðar. Nafnleyndarrétti fylgja vissir ókostir. Í skjóli hans geta skuggasveinar og öfugugar skotið eiturörvum og sárt menn djúpum og jafnvel ólæknandi sárum. Það er auðvitað hlutverk samvirkusamra ritstjóra, blaðamanna og blaðaútfgefenda að vera á verði gegn slíkri misnotkun prentfrelsис og nafnleyndar. Það er því mikið undir því komið, að blaðamenn séu réttssýnir, skilji hlutverk sitt og séu starfi sínu vaxnir. Á því er að sjálfsögðu misbrestur stundum, og öllum geta orðið á mistök. Einkanlega er hér hætta á misnotkun, þegar í hlut-eiga-blöð, sem leggja stund á æsifrættir og hneykslisögur, eða hin svokallaða „gula pressa“. Fram hjá því verður ekki gengið, að nafnleyndarréttur hefur oft verið og er oft misnotaður, og hafa sjálfsagt margir af þeim sökum orðið fyrir ómaklegum árásum. Það er þannig mála sannast, að nafnleyndarréttur blaðanna hefur bæði kosti og galla í för með sér.

Hér skal ekki eytt lengra máli í almennar hugleiðingar um það, hvort nafnleynd í blöðum eigi í raun og veru rétt á sér. En þær jákvæðu og nei-kvæðu hliðar á nafnleyndarrétti, sem hér hefur aðeins lítillega verið minnt á, verður löggjafinn að vega og meta, þegar hann tekur afstöðu til þess, hvort heimila eigi nafnleynd og í-hve-ríkum-mæli. Niðurstaða þess mats hefur orðið sú hér á landi og í nálegum löndum, og líklega reyndar viðast hvar í lýðræðisrikjum, að blaðamönnum er heimilaður nafnleyndarréttur, enda þótt misjafnlega langt sé gengið í þá átt. Skal nú litið á, hvað löggjöf okkar segir um það efni. Koma þar fyrst til athugunar löginn um prentrétt nr. 57/1956 en jafnframt þarf að skoða ákvæði í höfundarréttarlöggjöf og réttarfarslöggum.

Löginn um prentrétt nr. 57/1956 leystu af hólmi tilskipunina um prentfrelsi frá 9. maí 1855. Samkvæmt 3. gr. þeirrar tilskipunar var aðalreglan sú, að einn einstakur aðili að birtingu rits var gerður ábyrgur fyrir efni þess, en öðrum sleppt, enda þótt þeir hefðu þar að unnið. Ábyrgðina báru aðilar eftir tiltekinni röð. Ábyrgð á efni prentaðs rits, sem prentað var og birt hér á landi, hvíldi aðallega á höfundi þess og honum einum, ef hann hafði nafngreint sig, og var auc þess annaðhvort búsettur hér á landi, er ritið kom út, eða undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið var höfðað. Ef höfundur hafði ekki nafngreint sig, eða fullnægði ekki framangreindum skilyrðum, hvíldi ábyrgðin til vara og með sömu skilmálum á útgefanda rits, því næst á þeim, er hafði rit til sölu eða dreifingar og loks á prentara þess. Þessar sérstöku ábyrgðareglur eru byggðar á hinu svokallaða belgíska ábyrgðarkerfi. En aðal-einkenni þess kerfis má einmitt segja, að séu þau, að annars vegar er á því byggt, að höfundur þurfi ekki að nafngreina sig, en hins vegar sé samt alltaf fyrir hendi aðili, er beri ábyrgð á hinu prentaða máli. Ákvæði prentfrelsistil-

skipunarinnar voru byggð á þeirri forsendu, að höfundur hefði heimild til nafnleyndar. Það var ekkert skilyrði fyrir því, að rit mætti prenta, að höfundur hefði nafngreint sig. Í 1. gr. tilskipunarinnar var hins vegar svofellt fyrirmæli: „Á sérhverju riti, er út kemur frá nokkurri prentsmeiðju á Íslandi, skal standa nafn prentarans, og hvar ritið sé prentað.“ Ef út af var brugðið, varðaði það sektum fyrir prentara og ef hann fannst ekki, þá fyrir þann, sem hafði ritið til sölu eða dreifingar. Höfundur, sem ekki hafði nafngreint sig á riti, varð ekki sóttur til ábyrgðar vegna efnis þess. Þetta gilti, hvort sem ritið var.

Núgildandi prentlög nr. 57/1956 eru all frábrugðin eldri ákvæðum. Samkvæmt þeim er greint á milli þess, hvort um er að ræða blöð og tímarit, sbr. 9. gr. laganna, eða önnur rit. Um öll önnur prentuð rit en dagblöð og tímarit gilda venjulegar reglur um refsí og fébótaábyrgð. Sé um að ræða blöð eða tímarit, er aðalreglan aftur á móti sú, að þar komi til greina sérstakar ábyrgðarreglur, sams konar og þær, er giltu eftir tilsk. 1855, og áður var lýst. Frá þeirri aðalreglu er gerð undantekning, þegar um er að tefla svökölloð sakamálarit eða rit, sem fela í sér stórfelld brot samkvæmt ákvæðum almennum hegningarlaga, þ. e. landráð og brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, sbr. 14. gr. 1. 57/1956. Þá gilda venjulegar ábyrgðarreglur samkvæmt almennum reglum laga. Sama máli geynir um öll rit, sem prentuð eru erlendis. Hefur ekki þótt rétt að veita þeim, er standa að útgáfu nefndra rita, vernd þá, sem fylgir belgíska ábyrgðarkerfinu, og skiptir þar ekki máli, hvort um er að ræða dagblöð, tímarit eða bækur.

Í 9. gr. prentlaganna er skilgreining á því, við hvað sé átt með blöðum og tímaritum. Segir þar: „Blöð og tímarit teljast samkvæmt lögum þessum rit, sem eiga að koma út með sama heiti ekki sjaldnar en tvívar á ári, svo og freymiðar þeirra og fylgirit.“ Hér utan við falla því ársrit og tímarit, sem koma út aðeins einu sinni á ári, t. d. hið gamla tímarit Skírnir. Slik rit eru ekki tímarit í skilningi prentlaganna. Um hina sérstöku ábyrgð á efni þeirra rita, er í 9. gr. getur eru fyrirmæli í 15. gr., og er þar eins og áður segir: byggt á hinu belgíska ábyrgðarkerfi. Þar segir: „Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenzkri lögsgögu, þegar mál ef höfðað. – Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina. Því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og löks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“ Í 16. gr. segir: „Nú gefa fleiri en einn út blað eða tímarit í sameiningu eða fleiri en einn eru ritstjórar að riti og annar eða einn þeirra greinir sig ábyrgðarmann að ritinu eða tilteknunum köflum þess, og bera þá aðrir útgefenda eða ritstjóra ekki ábyrgð á því efni ritsins framar en leiðir af 17. gr.“ En í 17. gr. er athyglisvert ákvæði, sem ætlað er til varnar gegn misnotkun hinna sérstöku ábyrgðarreglna. Er þar svo mælt, að ef ritstjóri, sem ekki er jafnframt útgefandi blaðs eða tímarits, er dæmdur til greiðslu sektar, fébóta, máls-

kostnaðar eða til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms vegna efnis í ritinu, þá megi innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá útgefanda eða útgefendum ritsins. Ef einn útgefandi blaðs eða tímarits er dæmdur til greiðslu sektar, fébóta eða annars þess kostnaðar, er nefndur var, þá má með sama hætti innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá öðrum útgefanda eða útgefendum ritsins.

Það er augljóst, að prentlögin byggja á þeirri reglu, að höfundur ritsmiða í dagblöðum, vikublöðum og tímaritum sé óskyld að nafngreina sig. Nafnleyndin er að vísu ekki heimiluð sérstaklega berum orðum en hún leiðir af ábyrgðarkerfinu. Um það segir m. a. svo í greinargerð frumvarpsins til laga um prentrétt: „Ábyrgðarkerfi þessu er ætlað að slá vörð um prentfrelsið, með því að sporna við eftirgrennslun yfirvalda um það, hverjur kunni að eiga hlutdeild í því, sem ritað er, að ná með skjótum og virkum hætti til þess, sem telst sekastur, og loks sérstaklega að vernda nafnleynd höfundar og heimildarmanns.“ Auk þess verður nafnleyndarréttur höfundar dreginn af því, að í lögnum er nafngreiningarskylda lögð berum orðum á útgefanda, ritstjóra og prentara, en ekki minnst á höfunda. Í 3. gr. laganna segir: „Útgefandi rits, sem prentað er hér á landi, skal nafngreina sig á hverju ein-taki þess. – Ef útgefandi ræður ritstjóra, einn eða fleiri, að riti, skal hver þeirra einnig nafngreina sig á ritinu. Sama gildir um prentara samkvæmt 5. gr. Auk þess er svo tilskilið í 10. gr., að útgefendur og ritstjórar blaða og tímarits skuli fullnægja tilteknunum persónulegum skilyrðum. Útgefandi blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða íslenzkur ópersónulegur aðili. Ritstjóri skal vera íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða. Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, er skyld að ráða ritstjóra, er fullnægir framangreindum skilyrðum.

Þessi nafngreiningarskylda og hafisskilyrði, sem fyrst og fremst eru löggæzlueðlis, verða ekki á neinn hátt talin brjóta í bág við prentfrelsisákvæði stjórnarskráinnar.

Pau ákvæði prentlaganna, sem hér hefur lítillega verið lýst, varðandi blöð og tímarit, miða að því annars vegar að tryggja frjálsa gagnrýni og hins vegar að sporna gegn misnotkun þess frelsis. Við skýringu þeirra geta ýmsar spurningar vaknað. Það er t. d. spurning, hvað til þess þurfi, að hægt sé að segja, að höfundur hafi nafngreint sig. Vafalaust er nægilegt, ef fullt nafn höfundar er ritað undir eða yfir blaðagrein. Ekki verður þess krafist, að staða eða heimilsfang fylgi. Það yrði talin nægileg nafngreining, þó að skírnarnafn væri skammstafað. Fullnægjandi gæti og verið að tilgreina upphafsstafi í nafni höfundar, ef sú skammstöfun væri alkunn, t. d. þegar fastir blaðamenn eiga í hlut. Annars gæti slik merking verið ófullnægjandi nafngreining. Dulnefni, sem væri alþeckt höfundarheiti, gæti hugsanlega talizt nægileg nafngreining, t. d. „Örn Arnarson“ og „Steinn Steinarr“. Má um þetta vísa nánar til Gunnars Thoroddsens í Fjölmæli, bls. 301-304.

Í sambandi við skilyrðið um heimilisfesti má til athugunar nefna dóm Landsfírréttarins í Dómas. II bls. 493. Höfundur, sem nafngreindur var á ritlingi, fluttist til Vesturheims fáeinum stundum eftir að ritlingurinn kom út. Yfirdómurinn leit svo á, að hann hafi verið búinn að segja skilið við heimilisfang sitt hér á landi og væri því ekki búsettur hér í skilningi prentfrelsistilsk., og þar sem hann einnig var útgefandi, kostnaðarmaður og útsöldumaður eða útbýtandi ritlingsins, lenti ábyrgðin á prentaranum. (Sbr. Gunnar Thoroddsen, tilv. rit).

Akvæði prentlaganna skulu svo hér ekki rakin frekar, enda þótt þau gefi í sjálfu sér tilefni til ýmissa hugleiðinga. Í þessu sambandi er það aðalatriðið, að þau gera ótvírátt ráð fyrir nafnleyndarrétti þeirra, er rita í blöð og tímarit.

Í lögum nr. 13/1905, um rithöfundarétt og prentrétt, virðist út frá því gengið, að höfundi hverjum sé í sjálfsvald sett, hvort hann nafngreinir sig á riti, birtir það nafnlaust eða undir dulnefni. Nafnlaus rit og rit undir dulnefni njóta verndar, en verndartími þeirra getur orðið annar og styttri. Þó segir í 22. gr. þeirra-laga, að þegar svo stendur á, sem þar greinir, beri þó einungis að taka tillit til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu. Í 23. gr. segir: „Rit, sem koma út nafnlaus eða með dularnafni, svo og rit, er útgefendur hafa öðlast eignarrétt að samkvæmt 3. gr. þ. e. blöð, tímarit og ritsöfn, njóta verndar í 50 ár frá lokum þess árs, er þau komu út í fyrsta sinn. Nú birtir höfundur sjálfur nafn sitt, áður en téð 50 ára-tímabil er liðið, eða einhver, er til þess hefur heimild, nafngreinir hann, annaðhvort á nýrri útgáfu ritsins eða með yfirlýsing, sem birt er á sama hátt og fyrirkipað er um opinberar auglýsingar, og öðlast ritið þá fyllstu vernd samkvæmt 22. gr. Heimild til að nafngreina höfund að honum látnum hefir einungis sá, sem höfundur samkvæmt því, er segir í 6. gr., hefir fengið í hendur úrskurðarvald um það, hvort ritið skuli birt, en sé enginn maður á lifi, er slíkt vald hefir fengið hjá höfundi, þarf samþykki allra erfingja höfundarins til þess að hann verði nafngreindur.“ Í 2. mgr. 25. gr. segir: „Nú kemur út rit nafnlaust eða með dularnafni, og skal þá líta svo á, þangað til sönnur eru færðar á annað, að sá maður, sem tilgreindur er á ritinu, sem útgefandi þess eða forlagsmaður, hafi umboð til að gæta réttar höfundar.“

Þau akvæði, sem hér hafa verið nefnd, sýna það ljóslega, að byggt er á rétti höfundar til nafnleyndar. Sá réttur virðist beinlínis skoðaður sem þáttur í höfundarrétti. Hafa rithöfundalögini og ætið verið skilin á þá lund, að höfundur réði því, hvort hann nafngreindi sig. Eru rithöfundalögini að þessu leyti til í fullu samræmi við fyrirmæli Bernarsáttmálans, sbr. það sem áður var um hann sagt. Þar sem höfundarréttarhlíðin liggur utan verk-efnis þessarar ritsmiðar, verður hér eigi fjallað frekar um akvæði rithöfundalaganna né rætt að öðru leyti um efni höfundarréttar.

Samkvæmt íslenzkum lögum virðist þannig almenna reglan sú, að höfundi prentaðs máls sé óskyld að nafngreina sig. Þar með er ekki um það

sagt, hvort nokkur þagnarskylda er lögð á þá, sem vegna starfs síns komast á snoðir um nafn höfundar, sem leynast vill. Um það munu ekki bein akvæði í íslenzkum lögum, nema að því er varðar vitnaskyldu ábyrgðarmanna blaða og rita. Í 126 gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 segir svo: „Vitni er óheimilt, nema sá leyfi, sem með á, að svara spurningum um atriði: — 5. Sá, er ber ábyrgð á innihaldi prentaðs rits eða blaðs að lögum, má ekki skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur að riti, grein eða frásögn, sem í riti eða blaði hefir birzt, án þess að höfundur væri nægilega nafngreindur.“

Skyring þessa akvæðis er á ýmsan hátt vafasöm. Það virðist vera byggt á þeirri hugsun, að ábyrgðarmaðurinn einn viti venjulega um höfundinn, en ýmsir fleiri geta þó komið að því, og það jafnvel þó enginn segi þeim beinlinis frá því, t. d. blaðamenn og setjarar. Eftir örðanna hljóðan er slíkum mönnum ekki bannað að segja frá vitneskju sinni. Akvæðinu er ætlað að vernda nafnleynd höfundar, er í blað ritar. Það nær ekki fullkomlega tilgangi sínum, nema það sé látið taka til fleiri manna en ábyrgðarmanna. Kemur því til mála að beita því um fleiri, t. d. um blaðamenn og starfsmenn í prentsmiðju, en vafasamt er, hvort slík lögskýring er heimil. Hér getur höfundur einn eða sá, sem í stað hans kemur samkvæmt rithöfundalögnum, sbr. það sem á undan er sagt, veitt heimild til vitnisburðar.

Í lok 126. gr. eml. segir, að vitni skuli gefa skýrslu um atriði þau, er 3.-5. tölul. 126. gr. greinir, ef hagsmunir ríkis eða almennings heimta það. Um það atriði úrskurðar vitnadómar. Líklega yrði slíkum hagsmunum sjaldan til að dreifa í einkamáli, enda gæti hið opinbera oftast hlutast til um opinbera rannsókn um þetta atriði, ef slíkir hagsmunir ríkis eða almennings væru fyrir hendi, og þar með fengið skýrslur sömu vitna. En þess er að gæta, að í lögunum um meðferð opinberra mála, sbr. l. 82/1961, eru ekki akvæði um heimildarbrest vitnis í samsvarandi tilviki og í 5. tölul. 126. gr. eml. Í sakamálum verður því ábyrgðarmaður blaðs eða rits krafinn skýrslu um höfund, enda þótt hann hafi ekki látið nafns getið og hafi ætlað að njóta góðs af nafnleynd. Þarna verður nafnleyndin að víkja fyrir veigameiri hagsmunum.

Það mun í reyndinni langtíðast, að ritstjórar (ábyrgðarmenn) beri ábyrgð á efni dagblaða og vikublaða, enda er meginnefni margra þeirra blaða birt, án þess að nokkur höfundur sé tilgreindur. Er talið, að meir en helmingur meiðyrðadóma, sem Landsfírréttur og Hæstiréttur hafa kveðið upp síðustu hundrað árin, séu á hendur ábyrgðarmönnum blaða. (Þórður Eyjólfsson í Tímar. lögfr. I. h. 1969 bls. 73). Er það í sjálfu sér eigi óeðlilegt, að vald og ábyrgð fylgist þannig að, því að oftast mun ritstjóri akveða, hvað birt er, þó að efnið kunni að vera frá öðrum komið. Einstakir blaðamenn, sem skrifa eigi undir nafni, bera þá ekki ábyrgð, þó að þeir hljóti að vinna meira eða minna sjálfstætt, þegar stærri blöð eiga í hlut. Ef einstakir blaðamenn skrifa undir nafni og fullnægja að öðru leyti skilyrðum 15. gr. l. 57/1956, bera þeir

ábyrgð á ritsmíðum sínum, en ekki ritstjóri eða tilgreindur ábyrgðarmaður, sbr. Hrd. V bls. 982. Er í síðareglum blaðamanna lögð áherzla á, að blaðamaður geri sér ljósá persónulega ábyrgð sína á öllu því, er hann skrifar. Sum dagblöð hafa tekið upp þann hátt að lata blaðamenn nafngreina sig, þ. e. t. d. merkja allar greinar sínar með upphafsstöfum sínum. Sézt þá, hvað hver blaðamaður hefur skrifað, og hann stendur ábyrgur fyrir því. Er vafalaust, að slíkt stuðlar yfirleitt að vandaðri og betri blaðamennsku. Þar með er ekki sagt, að kasta eigi nafnleyndarrétti blaðamanna fyrir róða. Bann við nafnleynd blaðamanna mun naumast samrýmast hugmyndum manna í lýðræðislandi um eiginlegt prentfresi og frjálsræði blaða. Og það samrýmist alls ekki hinu belgíska ábyrgðarkerfi. Sérstaklega er nauðsynlegt, að blaðamenn hafi rétt til að neita að segja til heimildarmanna sinna. Er í síðareglum blaðamanna, eins og þær voru samþykktar af Blaðamannafélagi Íslands 9. maí 1965, einmitt lögð rík áherzla á, að blaðamaður bregðist ekki trúnaði heimildarmanns síns. Segir þar í II. gr.: „Honum (þ. e. blaðamanni) ber að virða nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína. Sama gildir um skjöl og önnur gögn, sem honum er trúð fyrir.“

Nafnleyndarrétti blaðamanna á löggjafinn þrátt fyrir allt að viðurkenna skýrt og ótvírað, og frá honum á ekki að gera aðrar undantekningar en almannahagsmunir krefjast. Þær undantekningar á að taka fram í lögum. En þrátt fyrir réttinn fer bezt á, að blaðamenn sjálfir noti nafnleynd í hófi. Fastir blaðamenn ættu sem oftast að skrifa undir nafni. Það gefur hinu rit-aða orði þeirra aukið gildi. Nafnleyndarréttur á ekki aðeins að taka til greina, sem ritaðar eru í blað, heldur og til þeirra heimildarmanna blaðamanna, er gefa þeim munnlegar upplýsingar. Hér á ekki aðeins að vera um rétt að ræða heldur og skyldu til leyndar. Sá leyndarréttur og sú leyndarskylda á ekki að ná til blaðamanna einna heldur einnig annarra, sem vegna starfa sinna við útgáfuna blaðs geta fengið vitneskju um höfund eða heimildarmann, án þess að þeim sé frá því sagt, t. d. til setjara í prentsmiðju.

Hér skal að lokum lögð á það rík áherzla, að frjálsræði blaðanna er hyrningardeinn eiginlegs prentfrelsис. Meiðyrðalöggjöf og önnur landslög verða því að vera þannig úr garði gerð, að þau hefti ekki eðlilegar og nauðsynlegar umræður um opinber mál. Blöðin verða að hafa rétt og aðstöðu til frjálsrar gagnrýni á hverju einu í þjóðlífínunum, jafnt á opinberum stofnunum, atvinnustarfsemi og menningarverkum, svo nokkuð sé nefnt. Á hinn bóginn verður að setja skilvirkar skorður við misnotkun þessa frjálsræðis blaðanna. Þar eru refsingar eigi einhlítar til varnar. Þar þarf að beita félótum meir en gert hefur verið. Þar má taka enskan rétt til fyrirmynadar. Það þarf að rýmka heimildina til miskabóta. Þeim á að beita vægðarlaust, þegar við á. Þá mun þeim, sem að blaðútgáfuna standa, skiljast það fljóttlega, að óheiðarleg blaðamennska borgar sig ekki.

PÓR VILHJÁLMSSEN, prófesso:

## ÆÐSTA STJÓRN Í ÍSLANDSMÁLUM 1262—1319



*Konungar 1262—1319.*

Hákon konungur gamli lézt í Kirkjuvogi á Orkneyjum í desember 1263, 59 ára gamall. Hafði hann í júlí á sama ári haldið í herferð til Skotlands í því skyni að tryggja yfirlað sín á Suðureyjum „og haft um sumarið vökur miklar og stórar áhyggjur“. Hákon naut því skamman tíma árangurs af erfiði við að færa ríki sitt út til Íslands, og ekki voru allir Íslendingar örðir þegnar hans, þegar andlátíð bar að, því að síðustu eiðarnir voru unnir 1264.

Pegar Hákon gamli dó, átti hann aðeins einn son á lífi, Magnús, sem síðar kallaðist lagabætur. Magnúsi hafði verið gefið konungsnafn 1257, og hann var krýndur ásamt Ingibjörgu drottningu sinni 1261. Ekki verður séð, að hann hafi fengið sjálfstæð völd að ráði við þessa atburði, og er sennilegt, að konungsnafn og krýningin hafi fyrst og fremst átt að tryggja honum ríkið að Hákoní látnum. Deilur um ríkisstjórn höfðu oft verið miklar í Noregi, ekki sízt eftir dauða konunga, og hafði það enn orðið á valdatíma Hákonar gamla. Í sögu hans segir, að hann hafi fengið „öll landráð í hendur Magnúsi konungi“ (1), er hann var að leggja upp í Skotlandsförina. Það hefur þó ekki átt að skerða hans eigin stöðu að lögum, því að i sögunni segir ennfremur, að frá Orkneyjum hafi hann ritað bréf „um skipan ríkis í Noregi og aðra hluti“ (2).

Magnús Hákonarson lagabætur var fæddur 1238 og ríkti til dauðadags 9. maí 1280. Hann var athafnasamur konungur, raunsær og friðsamur, en nokkuð stórlátur og skräutgjarn. Hann mætti þungri sókn frá kirkjunni í ríki sínu og tók þann kost að slá undan, svo sem fram kom í sættargerðinni í Túnbergi 1277. Til að forðast ófrið og erfiðleika í utanríkismálum samdi hann um afsal Manar og Suðureyja til Skotakonungs 1266. Frægastur er hann af löggjöf þeiri, sem komst á í Noregi og á Íslandi, meðan hann var konungur, vafalaust vegna persónulegs áhuga hans.